

Aðalfundur UFA var haldinn 1. mars 2023 kl 18:00 í Íþróttahöllinni v/Skólastíg

Arnar Elíasson, formaður UFA, setti fundinn og bauð alla velkomna á 34. aðalfund UFA. Hann stakk upp á að Finnur Friðriksson yrði fundarstjóri og Jóna Finndís Jónsdóttir fundarritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið.

Ársskýrslur, ársreikningar og fjárhagsáætlun

Arnar Elíasson flutti skýrslu stjórnar, sem aðgengileg er á heimasíðu UFA, úr skýrslunni ber helst að nefna að samkomutakmarkanir og áhersla á smitvarnir vegna Covid-19 rénuði þegar leið fram á vorið 2022, félagið náði því að halda uppi æfingum og blása til frjálsíþróttamóta án heftandi takmarkana. Á árinu hélt UFA þónokkur mót, Grunnskólamót UFA, Akureyrarmót UFA og Norðlenska - innanhúss og utanhúss, Meistaramót Íslands 11-14 ára og Minningarmót Ólvers, auk minni innanfélagsmóta. Einnig kom hélt UFA, í samstarfi við UFA Eyrarskókk 1. maí hlaupið og Akureyrarhlaupið. Fjöldi iðkenda óx frá árunum á undan og gaman er að sjá að fjöldi iðkenda í meistaraflokki, þ.e. þeirra sem eru 15 ára og eldri hefur aukist frá því sem áður var. Að jafnaði má segja að hjá UFA æfi um 70 manns frjálsar íþróttir, flestir iðkendur eru á aldrinum 6-14 ára.

Rósa Dagný Benjamínsdóttir fór yfir ársreikning UFA fyrir árið 2022, hagnaður reyndist af rekstri félagsins, tæpar 1,8 m. kr., sem skýra má að nokkru leyti að því að félagið hélt fjölmenn mót á árinu, s.s. Meistaramót 11-14 ára þar sem þátttökugjöld, styrkir og tekjur af gistingu/mat í tengslum við mótið voru góðar. Styrkir, lottótekjur og tekjur af mótahaldi og almenningshlaupum eru félaginu mikilvæg og hefur gert félaginu kleyft að halda æfingagjöldum lágum. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn og hann samþykktur samhljóða.

Rósa Dagný fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2023, sem byggð er að mestu á ársreikningi 2022. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.

Rannveig Oddsdóttir, formaður Langhlaupadeildar UFA – UFA Eyrarskókk, flutti skýrslu deildarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Hún skýrði frá því að um 120 iðkendur eru hjá félaginu, þar af fjórir landsliðsliðsmenn sem fóru á heimsmeistaramót í Tælandi, Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson og Halldór Hermann Jónsson. Hún talað um að Eyrarskókkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu og nú var aftur hægt að ferðast út fyrir landsteinana til að hlaupa og ófáir nýttu sér það. Mikill áhugi hefur verið á utanvegahlaupum innan hópsins og iðkendur hafa nýtt sér bakgarð bæjarins vel til æfingar. Þá hafa félagsmenn verið áberandi meðal keppenda í utanvegahlaupum vítt og breytt um landið og staðið sig vel á þeim vettvangi.. Á sl. ári voru haldin nokkur Vetrarhlaup UFA, 1. maí hlaup UFA, Akureyrarhlaup, Súlu Vertical, Hausthlaup UFA og Gamlárshlaup. Hún fór einnig yfir helstu tölur úr ársreikningi langhlaupadeildarinnar.

Enginn mætti frá Norðurljósum – Perlum Eyjafjarðar til að gera grein fyrir starfsemi eða fjármálum deildarinnar.

Lagabreytingar

Fundarstjóri fór yfir þær tillögur að lagabreytingum sem lagðar hafa verið fyrir fundinn. Þær eru til komnar vegna athugasemda sem Skatturinn gerði þegar stjórnarkjör voru tilkynnt til Skattsins á síðasta ári. Tillögurnar voru bornar upp til samþykktar, hver fyrir sig, og voru þær allar samþykktar samhljóða.

Ákvörðun um árgjöld félagsmanna

Arnar Elíasson skýrði frá því að ekki væri hefð fyrir því að innheimta árgjöld félagsmanna og tillaga stjórnar væri að gera það ekki heldur þetta starfsár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Birna Baldursdóttir, formaður ÍBA, spurði af hverju ekki væri hefð fyrir því að ákvarða árgjöld. Jóna Finndís svaraði og sagði að skv. eldri ársskýrslum félagsins hefði slíkt verið reynt fyrir nokkrum árum með litlum árangri.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Arnar Elíasson og Elsa María Guðmundsdóttir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Rósa Dagný Benjamínsdóttir, Rósa Hrefna Gísladóttir og Jóna Finndís Jónsdóttir gáfu hins vegar kost á sér áfram auk þess sem Stefán Þór Gestsson gaf kost á sér áfram í varastjórn. María Indriðadóttir og Katrín Ósk Guðmundsdóttir gáfu kost á sér í stjórn félagsins og Hulda Berglind Árnadóttir í varastjórn. Engin mótframboð voru og stjórnin því staðfest einróma.

Óskað var eftir framboði iðkenda til að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn. Tjörvi Leó Helgason bauð sig fram og iðkendur staðfestu kosningu hans með lófataki.

Fundarstjóri skýrði frá því að Guðmundur Víðir Gunnlaugsson gæfi áfram kost á sér sem skoðunarmanns reikninga. Kosning hans var staðfest samhljóða af fundarmönnum.

Hlé var gert og súpa var veitt í boði RUB23.

Viðurkenningar

Arnar skýrði frá því að Baldvin Þór Magnússon og Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir hefðu verið valin íþróttafólk UFA árið 2022. Baldvin Þór hélt áfram að bæta glæsilegan árangur sinn í millivegalengda-hlaupum á árinu. Hann keppti í 3000 m hlaupi á HM innanhúss og komst þar í úrslit. Átti frábært tímabil í úti í Bandaríkjunum og varð meðal annars þrefaldur svæðameistari, í einni mílu, 3000 og 5000. Hann setti þrjú Íslandsmet á árinu, í 3000 m hlaupi innanhúss og í 5000 m hlaupi innanhúss og utanhúss og varð Íslandsmeistari í hálfmaraþoni og 1500 m hlaupi utanhúss. Baldvin Þór er fæddur á Akureyri og bjó hér fyrstu árin en flutti þá til Bretlands með foreldrum sínum og stundar núna háskólanám í Bandaríkjunum. Sigþóra Brynja hefur skipað sér í fremstu röð íslenskra langhlaupara á undanförunum árum í brautarhlaupum, götuhlaupum og utanvegahlaupum. Hennar stærsta afrek í ár var að hlaupa hálfmaraþon á 1:19:03 sem er fjórði besti tími íslenskrar konu í þeirri vegalengd. Auk þess bætti hún sig í helstu vegalengdum brautarhlaupa innahúss og í 5 og 10 km götuhlaupum. Hún vann Íslandsmeistaratitla í 3000 m hindrunarhlaupi og hálfmaraþoni og hlaut viðurkenninuna götuhlaupari ársins 2022 hjá FRÍ. Sigþóra náði jafnframt góðum árangri í utanvegahlaupum á árinu og er önnur stigahæst íslenskra kvenna á styrkleikalista ITRA sem byggir á stigagjöf fyrir utanvegahlaup. Sigþóra var valin í landslið Íslands í utavegahlaupum og keppti í 40 km utanvegahlaupi á heimsmeistaramóti í Tælandi. Sigþóra Brynja er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur sýnt mikla seiglu í æfingum á liðnum árum og uppsker nú í samræmi við það. Hún er góð fyrirmynd innan vallar sem utan og hefur tekið virkan þátt í að byggja upp það blómlega hlaupastarf sem UFA Eyrarskókk stendur fyrir.

Unnar Vilhjálmsson afhenti hvatningarverðlaun UFA í flokki 11-14 ára. Þau hlutu Hreggviður Örn Hjaltason og Emelía Rán Eiðsdóttir. Þau eru bæði metnaðarfullir íþróttamenn sem mæta vel á æfingar,

fara vel eftir fyrir mælum og leggja sig fram um að gera það sem þarf til að bæta sig. Þau eru líka óhrædd við að prófa nýja hluti og urðu í sumar bæði Íslandsmeistarar í kringlukasti í flokki 13 ára, en þetta var í fyrsta sinn sem keppt er í þeirri grein á MÍ 11-14 ára.

Birnir Vagn Finnsson afhenti hvatningarverðlaun UFA í meistaraflokki. Þau hlutu Tjörvi Leó og Alexander Breki Jónsson, þeir bættu sig báðir mikið á árinu 2022 og sinna æfingum vel, ásamt því að hafa gott viðhorf til æfinga og keppni.

Þjálfarar félagsins á árinu 2022 fengu góðar þakkir fyrir liðið ár og vel unnin störf. Þeir eru Unnar Vilhjálmsson, Guðmundur Hólmur Jónsson, Jón Friðrik Benonýsson, Hafdís Sigurðardóttir, Sindri Lárusson, Birnir Vagn Finnsson, Guðmundur Daði Kristjánsson, Ari Heiðmann Jósavínsson og Gunnar Eyjólfsson og aðstoðarþjálfarar félagsins Róbert, Alexander Breki, Katrín, Pétur Friðrik, Adrían, Sindri Snær, Aníta, Emma, Ólafur, Emelía Rún, Emilía Ólöf, Garðar Atli, Hreggviður Örn, Kristófer Máni, María Margrét og Tinna María.

Önnur mál

Viðar Sigurjónsson hjá ÍSÍ, hrósaði félaginu fyrir gott yfirlit yfir starfsemina sem og rekstur á sl. ári það væri ekki sjálfsgætt að félög væru skuldlaus líkt og þetta. Hann hrósaði félaginu einnig fyrir góðan árangur sem birtist m.a. í fjölda Íslandsmeistara sem félagið átti á síðasta ári. Hann benti á að lagabreytingar UFA þurfa samþykki ÍSÍ, einnig vakti hann athygli á að félagið væri fyrirmyndarfélag ÍSÍ og því væri eðlilegt að merkja félagið sem slíkt á kynningarefni s.s. glærum og að flagga fánanum með merki fyrirmyndarfélaga á viðburðum sem þessum.

Fundarstjóri minnti á að Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska verður haldið eftir 10 daga. Þar þurfum við um 25 sjálfboðaliða til að sinna hinum ýmsu störfum mótsins, en einungis eru 14 manns búnir að bjóða sig fram. Um leið og hann þakkaði þeim sem hafa boðið sig fram þá skoraði hann á fleiri að gera slíkt hið sama, láta vita á facebook eða nálgast hann eftir fundinn.

Arnar, fráfari formaður þakkaði kærlega fyrir samstarf á liðnu ári og sleit fundi kl. 19:30